


# FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

  
Sjónlínan

Gleraugnaverslun

Fimmtudagur 17. nóvember 2016 | 14. tbl. 14. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

Strandgötu, Hafnarfirði  
Sími 555 7060  
www.sjonlinan.is

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

## Vantar eignir á skrá

Mikil sala, góður sölutími framundan  
Frítt söluverðmat – verðmetum samdægurs.  
Sanngjörn sölubóknun.

  
HRAUNHAMAR  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is  
Stofnuð 1983

Ísbúðin þín



Opið kl. 13-23  
BÆJARHRAUNI 2

## Lumar þú á góðri frétt?

www.fjardarfrettir.is – hafnirski fréttavefurinn

Sendu inn fréttaskot á: [fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)

## Kennarar mótmæla

Flótti úr kennarastéttinni fáist ekki lausn í kjaradeilu

Hafnirskir kennarar fjölmenntu í Bæjarbíó til að mótmæla því að enn hafi ekki verið samið við þá um kaup. Telja þeir sig hafa dregist verulega aftur úr samunburðarhópum

og segja skólustarf í verulegri hættu semjst ekki fljótlega. Kenna þeir forystusveitum sveitarfélaganna um og segja kominn tíma til að sveitarstjórnarmenn axli ábyrgð.

  
Ljúffengar kökur og rjúkandi kaffi  
Opið 11-23 og 11-18 um helgar  
  
Strandgötu 29

  
KÖKULIST  
  
Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is  
Firði • sími 555 6655



Kennarar fjölmenntu í Bæjarbíó á kynningarfund um fjárhagsáætlun. Sjá nánar á bls. 15.

  
Urrandi snilld... ♥ ♡ & ☘  
heilsuhús hunda og katta  
Dýralæknamiðstöð Hafnarfjarðar  
sími 544 4544  
Lækjargötu 34 b  
sími 533 2700

## Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Suðurgata 79



84,4 m<sup>2</sup> 3ja til 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tví-/fjórþýli með stóru íveruherbergi með innréttingu og snyrtingu (tilvalið til útleigu) í kjallara á góðum og rólegum stað í. Verð 30,9 millj. kr.

Eskivellir 5



Seljandi skoðar skipti á 3ja herbergja íbúð á Völlunum - Glæsileg 117,4 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í lyftuhúsi ásamt sér stæði í bílgeymslu. Verð tilboð.

Grænakinn 3



Góð 77,2 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Sameiginleg lóð með sólpalli. Verð 31,9 millj. kr.

  
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is



# FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 20. nóvember

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldmessa kl. 20

Miðvikudaga

Starf eldri borgara kl. 13.30



www.astjarnarkirkja.is

## Hönnun og umbrot

bækur | blöð | ársskýrslur  
auglýsingar | skilti | matseðlar  
ljósmyndir | greinarskrif



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.  
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR  
sími 565 4513 | hhus@hhus.is | stofnað 1990



## Víðistaðakirkja

Sunnudagur 20. nóvember

Guðspjónusta kl. 11

Gaflarakórinn syngur

Organisti: Helga Þórdís Guðmundsdóttir

Prestur: Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir

Sunnudagaskólinn kl. 11

María og Bryndís leiða stundina.

Kaffi, djús og kex að guðspjónustum loknum.

Bíbliuleg íhugun og bæn  
á mánudögum kl. 17:30

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:00.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

## Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613  
gudni@fjardarfrettir.is



## leiðarinn

Stjórnsýslan í Hafnarfirði er hægt og sígandi að verða opnari og er það fagnaðarefni. Nú fæst fjárhagsáætlunin birt tveimur dögum fyrir fyrri umræðu sem er áfangasigur en langt frá því að vera ásætlanlegt fyrir íbúa sem vilja geta haft áhrif á fjárhagsáætlunargerðina. Hvergi er gert ráð fyrir að íbúar fái að koma að meiriháttar ákvörðunum eins og fjárfestingaráætlunum sem skipta miklu máli fyrir bæjarfélagið. Í dag virðist lítil undirbúningur vera að mörg hundruð milljón króna fjárfestingum eins og byggingu íþróttahúsa og hún í raun ákveðin með sakleysislegri tölu í fjárhagsáætlun sem undirbúningur að hönnun. Hvergi er lögð fram tillaga um framtíðar fjárfestingar bæjarins þar sem íbúar fá að segja skoðun sína og ótrúlegt er að heyra á bæjarstjórnarfundum að bæjarfulltrúar þurfi að vera að spyrja að því hvort ákvörðun hafi verið tekin.

Mörg hundruð milljón króna framkvæmd er ekkert smáræði sem ákveðin er í reykfylltum bakherbergjum svo notað sé gamalt hugtak. Þó framlagning fjárhagsáætlana verði faglegri með hverju árinu þá eigum við margt ólært í samanburði við nágrannaþjóðir eins og Danmörku þar sem sveitarfélögin þurfa að samþykkja sínar fjárhagsáætlanir í október.

Bæjarfulltrúar hafa enn ekki tekið af skarið og hafnað 44,3% launahækkun sem kemur til ef laun bæjarfulltrúa verða áfram miðuð við þingfararkaup sem hækkað var eftirminnlega. Hvað er í gangi?

Guðni Gíslason ritstjóri.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚB • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

FRÍMANN & HÁLFDÁN  
ÚTFARARÞJÓNUSTA




ÚTFARARÞJÓNUSTA  
HAFNARFJARÐAR



Frímann  
s: 897 2468



Hálfán  
s: 898-5765



Ólöf  
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is

Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775

## Kynstrin öll

JÓLADAGSKRÁ BÓKASAFNS HAFNARFJARÐAR

Upplestur fyrir yngri börnin

Þriðjudaginn 22. nóvember kl. 17:00

Ósk Ólafsdóttir - *Búðarferðin*

Jóna Valborg Árnadóttir - *Hetjubókin*

Fyrra upplestrarkvöldið

Fimmtudaginn 24. nóvember kl. 20:00

Stefán Máni - *Svarti galdur*

Gerður Kristný - *Hestvík*

Andri Snær Magnason - *Sofðu ást mín*

Vigdís Grímsdóttir og

Sigríður Halldórsdóttir - *Elsku Drauma mín*



# GN eignir ehf. rennur inn í bæjarsjóð

Gömlu eignir Nýsis nú hluti af bæjarsjóði


Bæjarstjórn samþykkti í síðustu viku samruna GN eigna ehf. við bæjarsjóð og miðast samruninn við 1. janúar 2016.

GN eignir ehf. var í 100% eigu Hafnarfjarðarbæjar og varð til árið 2009 er Hafnarfjarðarbær keypti eignir af Nýsi hf. sem félagið hafði rekið skv. umdeildum einkaframkvæmdarsamningum sem Hafnarfjarðarbær gerði um byggingu og rekstur húsnæðis margra menntastofnana. Í félaginu voru m.a.

húseign Lækjarskóla, leikskólans Álfasteins og íþróttamiðstöðin Björk.

Eignunum var haldið í sérstöku félagi þar sem eignirnar voru með VSK kvöð. Sú kvöð var fyrmd í ágúst 2015 og því ekki lengur ástæða að halda eignunum í sérstöku félagi.

Breytingin hefur engin fjárhagsleg áhrif önnur en þau að niður fellur aukavinna við að halda eignunum aðgreindum í rekstri og uppgjöri bæjarins og endurskoðunarkostnaður.



Litsem - Guðni Gíslason

# Deilt um ráðningu sviðsstjóra

Gagnrýnt að bæjarstjórnin hafi ekki haft frumkvæðið

Eftir að Kristján Sturluson sagði upp sem sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Hafnarfjarðarbæjar gerði bæjarstjórn tillögu að því að staðan yrði sameinuð stöðu bæjarlögmanns. Var það samþykkt í bæjarráði og jafnframt að Sigríður Kristinsdóttir bæjarlögmaður verði ráðin sviðsstjóri stjórnsýslusviðs. Samhliða því verði ráðinn lögfræðingur á stjórnsýslusviði. Við breytinguna færast launadeild og tölvudeild af stjórnsýslusviði á fjármálasviði.

Bæjarstjórn tók tillöguna til afgreiðslu og var hún samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4 atkvæðum.

Í bókun Samfylkingar og Bjartrar framtíðar segir m.a. að samkvæmt samþykktum Hafnarfjarðarbæjar ráði bæjarstjórn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, þ.e. í starf bæjarstjóra og sviðsstjóra. Það sé því ekki hlutverk bæjarstjóra að gera tillögu til bæjarstjórnar um ráðningar í slík embætti eins og hér sé gert.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar lýstu vonbrigðum með að bæjarfulltrúar Samfylkingar og

Vinstri grænna skyldu ekki styðja framkomna tillögu um að bæjarlögmaður yrði ráðinn í sameinað starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og bæjarlögmanns. Segir í bókun þeirra að bæjarlögmaður hafi farið í gegnum faglegt og vandað ráðningarferli fyrir um ári síðan. Segja þeir að sterk rök hafi verið fyrir því að beita heimild í 84. gr. samþykpta bæjarins um tilfærslu í starfi án auglýsingar, eins og áður hefur verið gert.

Töluverð umræða var um málið og var sem deilt væri um sinn hvorn hlutinn. Fulltrúar minnihlutans gagnrýndu að bæjarstjórn hafi ekki tekið ákvörðun um sameiningu starfanna og ráðningu og kom fram í máli Öddu Maríu Jóhannsdóttur að málið snérist ekki um einstaklinga heldur formið. Hins vegar gagnrýndi minnihlutinn að vikið sé frá því faglegra ferli sem tíðkast hafi við ráðningu sviðsstjóra Hafnarfjarðarbæjar og að æðstu stjórnendastöður séu ekki auglýstar.

Enn hefur ekki verið ráðinn lögfræðingur á stjórnsýslusviðið.



# Skóddagar

## 20% afsláttur

af öllum skóm.

Fimmtudag - Föstudag - Laugardag



Superstar  
Frá stærð 20 - 48



Slip on  
Verð nú 11.992 kr



Kaishi. St 39 - 47  
Verð nú 11.192 kr



Winterfast  
með teygju reimum.  
St 28 - 36  
Verð nú 7.992 kr



Adilette  
Flottur jólapakki fyrir alla fjölskylduna.  
Stærðir 36 - 48  
Verð nú 5.592



Ultraboost hlaupaskór  
Verð nú 23.992 kr



Nike skór með frönskum rennilás. St 28 - 35  
Verð nú 7.592 kr



Sokkaskór fyrir fótboltann.  
Frá stærð 28 - 47 1/3  
Verð frá 9.592 kr







## Músik og Sport

Hafnarfirði | 555-2887 | www.musikogsport.is



# Smíða björgunarkerrur

Setja upp búnað til að bregðast við hópslysum

Á næstu þremur árum munu Isavia ohf. og Slysavarnafélagið Landsbjörg sameinast um að bæta verulega búnað sem auðveldar björgunarsveitum víða um land að bregðast við hópslysum sem hugsanlega verða á þjóðvegum landsins, utan alfaraleiðar eða við vinsæla ferðamannastaði. Samkvæmt samningi sem undirritaður var í höfuðstöðvum Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir skömmu verða útbúnar sérstakar kerrur með sérhæfðum búnaði sem björgunarsveitir geta með lítilli fyrrihöfn tekið með sér á slysstað. Isavia leggur 12 milljónir króna á ári til verksins, samtals 36 milljónir króna. Slysavarnafélagið Landsbjörg sér um að velja búnaðinn, hanna kerrurnar og velja þeim stað miðað við hugsanlega hættu á hópslysum og þar sem viðbragð er takmarkað.

Búnaðurinn í kerrunum miðast við að björgunarsveitafólk geti veitt skjól og aðhlyningu á slysstað utan alfaraleiðar á stöðum þar sem langt er í heilbrigðisþjónustu og aðrar bjargar. Við val á staðsetningu kerranna verður tekið mið af fjölda ferðamanna, viðbragðsaðilum á viðkomandi svæði, áhættugreiningu almannavarna og hópslysaskýrslu Isavia.

Framlag Isavia nær til hönnunar og smíði kerranna og til kaupa á þeim búnaði sem í þeim er. Annar kostnaður er til fellur, svo sem ferðakostnaður, kostnaður vegna vinnu og skipulagningu verkefnisins verður greiddur af Landsbjörg og Isavia, eftir því hvar kostnaðurinn verður til.

Gert er ráð fyrir því að útbúnar verði þrjár til fjórar kerrur á ári og þær fyrstu verði tilbúnar í byrjun næsta árs.



Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia og Smári Sigurðsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

## Straumlaust hjá ISAL í Straumsvík

„Ekkert svakalegt tjón“

Kerskálur, þurrhreinistöðvar, steypuskáli og skautsmíðja álversins misstu straum á þriðja tímanum á þriðjudag í kjölfar þess að eldingu sló niður í Búrfellslínu 3.

Tilraunir til að koma þeim aftur í rekstur báru ekki strax árangur að öðru leyti en því að einn kerskáli af þremur hélt afl á hluta. Kl. 16.13 var tilkynnt um að hálf afl væri komið á kerskála 3 og kl. 16.32 var komið afl að tveimur þriðju hlutum á alla kerskálana. Unnið var að því að koma þurrhreinistöðvunum í rekstur. Kl. 17.13 voru allir þrír kerskálarnir um það bil að komast á fullt afl. Tvær af þremur þurrhrei-

stöðvum voru þá komnar í fullan rekstur. Sú þriðja var enn á hálfu afli og komst hún í fullan rekstur fljótlega.

Landsnet tilkynnti um stóra truflun í flutningskerfinu kl. 14.26 sem varð vegna eldingar í Búrfellslínu 3. Þrjár vélar fóru út í Helligsheiðarvirkjun, truflanir urðu á Vestfjörðum þegar Breiðdalslína 1 datt út og voru varaafstöðvar ræstar.

Stórnotendur á SV-landi misstu afl vegna truflunarinnar og Hafnfríðingur urðu margir varir við truflunina þegar ljós blíkkuðu. Búrfellslínan komst svo aftur í rekstur kl. 15.01.

Ný bók

## Lífsbjörgin

Út er komin bókin Lífsbjörg eftir Halldór Svavarsson. Þetta er önnur bók höfundar en árið 2013 kom út unglingsbókin Lífsháski.

Lífsbjörg er saga um líf og baráttu fólks sem hjarar á norðurljara heimsins við ótrúlega erfiðað aðstæður. Þegar heimskautaveðrin ógna og fólk flytur búferlum er óhjákvæmilegt að árekstrar verði. Þetta er ekki löng lesning, bókina er aðeins 98 síður en er þægileg aflestrar og höfundur nær að halda lesandanum vel vakandi. Söguviðið er óviss byggð á mörkum hins byggilega og segir frá harðri lífsbaráttu, hættum af veðri og mönnum, en einnig af ástum og hamningu.

Að sögn Halldórs hefur hann stundað skriftir alla tíð en það er fyrst núna á eftirlaunaárunum, þegar brauðstritun er lokið, að hann gefur sér tíma til að ljúka skrifum og koma þeim í bók.



Halldór sem er 74 ára segir að ellíárin séu skemmtilegur tími, viðfangsefni mörk, barnabörnin átján og einn langafastrákur. Hann tekur þátt í félagsstörfum og leikjum eldri borgara og það eina sem hann þurfi að gæta sín á, sé að gefa sér nægan tíma til að skrifa. Skriftirnar taka sinn tíma þegar hamrað er á lykilorðið með tveimur fingrum. Ellíárin segir hann að séu björt og skemmtileg og bjóði uppá eilífa gleði. Halldór er Hafnfríðingur, kvæntur Vigdís Ingibjörgu Ásgeirsdóttur. Nýju bókina og fleiri bækur selur Halldór m.a. sjálfur í Firði. Óðinsauga gefur bókina út.



Halldór Svavarsson.

## Enn óráðið í stöðu forstjóra Sólvangs

Ekkert heyrst frá ráðherra

Enn heyrst ekkert um ráðningu forstjóra hjúkrunarheimilisins Sólvangs en ráða átti í starfið frá 1. október sl. Sex einstaklingar sóttu um stöðuna, þar á meðal Kristján Sigurðsson, núverandi forstjóri og hefur hann ekkert heyrst ennþá. Fyrirsprungin Fjardarfretta til heilbrigðisráðuneytisins hefur ekki verið svarað.

Ráða á í starfið til ársloka 2018 en ákveðið hefur verið að bjóða út reksturinn þegar nýtt hjúkrunarheimili verður tekið í notkun.





# Orðagull – Nýtt málörvunarforrit

Var gefið út í gær á degi íslenskrar tungu

Smáforritið Orðagull er nýtt málörvunarforrit fyrir spjaldtölvur sem gefið var út í gær á Degi íslenskrar tungu.

Orðagull miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnæna úrvinnslu og máltjáningu. Leitast er við að virkja áhugahvöt nemenda með því að gera námsefnið áhugavert og skemmtilegt og þannig eru m.a. nýtt þau tækifæri sem felast í smáforritum til byggja upp og viðhalda áhuga.

Smáforritið byggir á efni sem gefið var út 2010 og notið hefur mikillar hylly.

## NÝTIST SKÓLUM OG HEIMILUM

Forritið kemur til með að nýtast jafnt sem kennsluefni í leik- og grunnskólum sem og á heimilum. Í gegnum skráningarkerfi Orðagulls er foreldrum og kennurum gert kleift að meta árangur og fylgjast með framförum. Skráningarakerfið er sett upp á einfaldan og aðgengilegan hátt m.a. til að auðvelda kennurum vinnu við námsmat. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur geti líka sjálfir fylgst með eigin framförum.

Orðagull hentar elstu börnum í leikskóla og börnum á yngsta stigi grunnskóla. Einnig getur það nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika



Höfundarnir Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur hjá Hafnarfjarðarbæ og Bjarney Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og læsisráðgjafi hjá Menntamálastofnun.

hvað varðar vinnsluminni, heyrnæna úrvinnslu, orðaforða og endursögn, sem og nemendum með íslensku sem annað tungumál. Allt eru þetta mikilvægir undirstöðuþættir máls og læsis.

Höfundar eru þær Bjarney Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og læsisráðgjafi hjá Menntamálastofnun og Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Teikningar eru unnar af Búa Kristjánsyni og sá tölvuleikjafyrirtækið Rosamósi um alla hugbúnaðarvinnu. Verkefnið var, fyrr á þessu ári, styrkt af Minningarsjóði Bjarna Snæbjörnssonar og Helgu Jónasdóttur og Barnavinafélaginu Sumargjöf. Auk þess hlaut verkefnið tvisvar sinnum styrki úr Þróunarsjóði námsgagna hjá Rannís. Þær Bjarney og Ásthildur voru verkefnastjórar og í hópi höfunda læsisstefnu Hafnarfjarðarbæjar, Lestur er lífsins leikur og er Orðagull eitt af mörgum afleiddum verkefnum stefunnar sem nær bæði til leikskóla og grunnskóla.

## MÁLÖRUNVAREFNI SEM HLOTIÐ HEFUR MIKLA ATHYGLI

Smáforritið byggir að mestu á verkefnum úr málörvunarefni Orðagulli sem gefið var út árið 2010 af sömu höfundum. Málörvunarefnið hefur notið mikillar hylly og er uppselt. Hægt er að nálgast smáforritið Orðagull í AppStore og er það frítt til niðurhals.

## Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613  
gudni@fjardarfrettir.is



# Heimilismatur í hádegini

## Kaffihúsið við höfnina

Opið kl. 7.30 - 16 virka daga og kl. 9-14 um helgar

**Jólahlaðborð** fyrir hópa  
í sal eða heimsent **Veislupjónusta**

*Matbær*  
veislupjónusta





# Yfir 100 ára gamalt hús rifið

Hart deilt um málsmeðferð og breytingar á nýgerðu deiliskipulagi

Það eru ekki alltaf stóru málin sem mest og lengst er deilt um á fundum bæjarstjórnar. Mikil umræða hefur verið um breytingu á deiliskipulagi vegna Hellubrautar 5 og 7 og hefur mikið verið fjallað um þetta mál í langan tíma. Húsið að Hellubraut 7 var friðað en eigandi þess taldi það ónýtt og vildi rífa það og byggja nýtt í staðinn.

Húsinu hefur verið mikið breytt í gegnum árin og hlustað var á rök eigandans og honum virðist nú ætla að verða að ósk sinni, a.m.k. samþykkti

bæjarstjórn breytingu á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir niðurrífi hússins. Ekki var það átakalaust, 7 greiddu atkvæði með tillöggunni, 3 gegn henni og einn sat hjá.

Eftir fundarhlé lögðu fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna gagnrýna þá málsmeðferð sem þetta mál hefur fengið undir stjórn núverandi meirihluta. Gengið er þvert gegn nýlegu deiliskipulagi sem búið

var að leggja mikla vinnu í og lagt til að yfir 100 ára hús verði rífið til að rýma fyrir nýbyggingum. Verið er að deiliskipuleggja tvær stakar lóðir í hverfi þar sem nýlegt deiliskipulag er í gildi sem hlýtur að teljast fordæmisgefandi. Þá gagnrýnum við að svör við athugasemdum voru ekki birt fyrir en eftir ítrekanir og umsögnin sem afgreiðslan byggir á er ódagsett og skráð í gögn bæjarins tveimur dögum eftir að afgreiðslan fór fram í skipulags- og byggingaráði. Við gerum einnig

athugasemd við efnislega framsetningu umsagnarinnar þar sem athugasemdum er ekki öllum fyllilega svarað og ákveðnar staðreyndavillur varðandi nýtingarhlutfall lóðanna. Við gagnrýnum að verið sé að auka nýtingarhlutfall nú, einungis fimm árum eftir að núgildandi deiliskipulag var gert og einungis fyrir þessar tvær lóðir.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar svöruðu þá eftir annað fundarhlé með eftirfarandi bókun:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar áréttu að málið hefur verið unnið í þverpólískri sátt af fulltrúum allra flokka í skipulags- og byggingaráði. Verið er að gera breytingu á deiliskipulagi á tveimur lóðum á deiliskipulögðum reit sem er ekki nýlunda. Meðferð málsins er samkvæmt skipulagslögum.“



Litjan: Guðni Grilsson

Hið umdeilda hús að Hellubraut 7 sem nú verður heimilt að rífa.

## Nýtt ákvæði gegn mansali

Ný ákvæði í útboðsskilmálum Hafnarfjarðarbæjar

Nýju ákvæði um mansal verður bætt við alla útboðsskilmála Hafnarfjarðarbæjar. Samhliða hefur hluti starfsfólks og eftirlitsaðilar á vegum bæjarins fengið fræðslu um hvernig bera megi kennsl á mansal.

Við undirritun tilboða lýsir bjóðandi því yfir að hann mun tryggja að allir starfsmenn sem koma að verki, hvort sem er starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Jafnframt tryggir verktaki og ber ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysa-tryggingar og önnur réttindi í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Að auki ber bjóðandi ábyrgð á og skal hafa í gildi og

viðhalda tryggingum fyrir tjóni vegna slysa, veikinda, sjúkdóma, sjúkrakostnaðar eða dauða sem starfsmenn verktaka verða fyrir og rekja má til framkvæmda. Bjóðandi ber ábyrgð á að undirverktakar og starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra hafi samskonar tryggingar. Hvenær sem er á samningstíma þarf bjóðandi að geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt.

Bjóðandi samþykkir með undirritun að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir.

Hafnarfjarðarbær

## Lúvísía ráðin í nýtt starf gæðastjóra

Hafnarfjarðarbær hefur ráðið til sín gæðastjóra en starf gæðastjóra var auglýst laust til umsóknar um miðjan september síðastliðinn. Lúvísía Sigurðardóttir hefur verið ráðin í starfið.

Lúvísía lauk Msc gráðu í byggingarverkfæði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2010 og Bsc í byggingartæknifæði frá sama skóla árið 2008. Lúvísía hefur síðastliðið ár starfað hjá Actavis, þar sem hún hefur séð um daglegan rekstur öryggis-, heilsu- og umhverfisstjórnunarkerfis fyrirtækisins. Þar á undan gegndi hún starfi gæða- og öryggisstjóra hjá Vélsmiðunni Hamri, þar sem hún sá m.a. um innleiðingu á vottuðu gæðastjórnunarferli.

Lúvísía hefur einnig sinnt kennslu í aðferðafræði og tölfræði við Háskólann



Lúvísía Sigurðardóttir.

í Reykjavík. Lúvísía mun hefja störf í upphafi nýs árs.

FIJARÐAR fréttir



Smelltu á LIKE

og skoðu myndir á Facebook síðu Fjardarfretta

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á

www.fjardarfrettir.is



# Kænan skiptir um eigendur

Oddsteinn í Matbæ hefur tekið við rekstri Kæunnar

Oddsteinn Gíslason matreiðslumeistari í Matbæ hefur keypt rekstur Kæunnar af Jóni Ólafi Guðmundssyni (Jonna) en Jonni hefur rekið hana frá árinu 2006.

Kænan opnaði í nýverandi húsnæði í ágúst 1989 en þá hafði veitingahúsið verið í timburhúsi við höfnina sem var flutt í burtu.

Oddsteinn hefur rekið veitingaþjónustu fyrir Hótel Hafnarfjörð og rekið hádegisverðarstaðinn Bakhúsið auk þess sem hann sér um mötuneyti fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Oddsteinn segir kaupin hafi gengið hratt fyrir sig og hann hafi ekki haft mikinn tíma til að hugsa framhaldið en segir að staðurinn verði rekinn með



Oddsteinn Gíslason matreiðslumeistari, nýr eigandi Kæunnar.



svipuðu sniði og áður, opnaður snemma á morgnana þar sem boðið er upp á morgunverð frá kl. 7.30 og hádegisverð sem er gríðarlega vinsæll meðal iðnaðarmanna og annarra sem vilja góðan heimilismat. Kænan hefur verið vinsæll sem slíkur en Bakhúsið naut líka mikilla vinsælda og hafa viðskiptavinir flutt sig yfir í Kænunna.

Oddsteinn býður upp á lambalæri og purusteik í hádeginu á föstudögum sem hefur notið gríðarlegra vinsælda og komu um 200 manns í hádeginu þegar hann fyrst bauð upp á þetta í Kæunni.

## VEISLUÞJÓNUSTA

Matbær mun sem fyrr bjóða upp á veisluþjónustu, hvort heldur í Kæunni eða í öðrum húsakynnum viðskiptavina. Er Oddsteinn rómaður fyrir glæsilegar veislur og mun að sjálfsgöðu bjóða upp á jólahlaðborð í desember.

## KAFFIHÚS VIÐ HÖFNINA

Sem fyrr segir er opnað snemma á morgnana fyrir morgunmat og með kaffinu allan daginn er boðið upp á kökur, smurt brauð og fleira góðgæti. Þessa dagana er verið að taka í gagnið nýja kaffivél og verður því hægt að fá hvers kyns gæðakaffi.

Húsið er vel staðsett við smábáthöfnina og segist Oddsteinn vonast eftir að sjá sem flesta Hafnirfirdinga líta við í kaffi. Segist hann hafa ýmsar hugmyndir en tíminn verði að leiða í ljós hvað verði.





## FERSKT OSTASALAT

ómótstæðilega gott  
enda dekrað við framleiðsluna

Innheldur m.a kryddost, papriku, vínber, þúrrulauk og gríska jógúrt.

Okkar salöt

sem fengið hafa frábæra dóma

- Rækju
- Túnfisk
- Hangikjöt
- Skinku
- Rækju og laxa
- Hummus



Verið velkomin

Strandgötu 49 - Hafnarfirði - Sími 555 4046



# netto

## Veislan byrjar hjá okkur

**-23%**

KJÖTBORD

NAUTAHAKK  
8-12% - 500G  
ÁÐUR: 898 KR/PK  
**691 KR**  
PK

HUMAR SKELBROT  
1 KG BLANDAÐ  
ÁÐUR: 3.898 KR/PK  
**3.391 KR**  
PK

**-25%**

GÓÐI

**-20%**

PÍTUBUFF 6X60 GR.  
MEÐ BRAUDI  
ÁÐUR: 1.598 KR/PK  
**1.199 KR**  
PK

LAMBAMJADMASTEIK  
ÚRBEINUÐ - FROSIN  
ÁÐUR: 2.998 KR/KG  
**2.398 KR**  
KG

HUMAR 2KG. ASKJA  
ÁÐUR: 9.998 KR/PK  
**8.798 KR**  
PK

### Grænkerá skyndiréttir



GRANDIOSA PIZZUR  
5 TEGUNDIR  
ÁÐUR: 789 KR/STK  
**598 KR**  
STK



QUORN GRÆNKERA  
SKYNDIRÉTTIR  
- 4 TEGUNDIR  
ÁÐUR: 699 KR/PK  
**499 KR**  
PK



ÝSUBITAR 1KG  
ÁÐUR: 1.698 KR/PK  
**1.579 KR**  
PK

**998KR**



KJÖTBOLLUR  
FORSTEIKTUR 900G  
**998 KR**  
PK




MYLLU KANILSNÚÐAR  
25% MEIRA MAGN  
ÁÐUR: 296 KR/PK  
**296 KR**  
PK

### Jóladagatölin eru komin



PLAYMO  
JÓLADAGATAL  
**3.498 KR**  
STK

SCHLEICH  
JÓLADAGATAL  
**3.989 KR**  
STK



SÚKKULAÐI DAGATÖL  
VERÐ FRÁ:  
**199-598 KR**  
STK

Tilboðin gilda 17. - 20. nóvember 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**-40%**

**KJÖTSEL**

**BAYONNESKINKA**  
ÁÐUR: 1.996 KR/KG  
**1.198 KR/KG**



**KALKÚNN HEILL - FROSINN**  
STÆRD: 4,6 KG, 5,4 KG,  
6,6 KG, 7,2 KG  
**998 KR/KG**

*Ljúffengt og framandi*

**-20%**



**DÁDYRÁVÖÐVAR**  
NÝJA SJÁLAND - FROSID  
ÁÐUR: 3.998 KR/KG  
**3.198 KR/KG**

**-25%**



**DÁDYRALUNDIR FROSNAÐ**  
ÁÐUR: 7.298 KR/KG  
**5.474 KR/KG**

**KALKÚNABRINGUR**  
ERLENDAR - FROSNAÐ  
ÁÐUR: 2.498 KR/KG  
**1.998 KR/KG**



**ANDABRINGUR**  
FRANSKAR - FROSID  
ÁÐUR: 2.998 KR/KG  
**2.698 KR/KG**



**ANDALEGGUR LÆRI**  
2 STK SAMAN - FROSID  
ÁÐUR: 1.998 KR/KG  
**1.598 KR/KG**



**KLAKI 2L,**  
KOLSÝRT VATN - LIME - SÍTRÓNU  
ÁÐUR: 169 KR/STK  
**149 KR/STK**

*Rauð vínber*



**-50%**

**VÍNBER RAUÐ KG**  
ÁÐUR: 898 KR/KG  
**449 KR/KG**

*Frábæst úrval af jólasælgeti!*



**CELEBRATIONS**  
DÓS 750 GR.  
ÁÐUR: 2.398 KR/KG  
**1.999 KR/STK**



**MACKINTOSH**  
1.315 GR. DÓS  
**1.999 KR/STK**



**AFTER EIGHT**  
300 GR.  
**499 KR/STK**

[www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



# Líflegt á konukvöldi í Firði

Geir Ólafsson heillaði gesti með líflegum söng

Verslanir í Firði stóðu fyrir konukvöldi sl. fimmtudag og var mikil stemmning í húsinu. Ópið var í flestum verslunum fram undir miðnætti og boðið var upp á kynningar í verslunum, tískusýningu, dans og söng. Þar tróðu upp Bjartmar Guðlaugsson og Geir Ólafsson sem náði upp mjög góðri stemmningu með líflegum söng og framkom að venju.




Hafsteinn skemmtanastjóri með þeim Björgvini Franz og Esther Jökulsdóttur.



Jón og Elin í Kökulist.



Konunarnar föggnuðu Geir og sumar fengu miða á tónleikana hans.



Tónlistin dillaði og börnin dönsuðu.



Ásgeir eigandi Úr og gull tók vel á móti viðskiptavinum.



Hjálpartæki ástarlífsins voru kynnt.

Geir Ólafsson með einum ungum aðdáenda. Undir: Karlmenn sýndu við góðar undirtektir.



Glæsilegar vörur frá SmartBoutique.





Túrkisblátt  
IN-548



Liljugult  
IN-513



Ólífugrátt  
IN-589



# Sýndu lit

Eigum allt fyrir málingarvinnuna



**Flutex 10**  
Gæðamálning  
3 lítrar á aðeins  
**2.490 kr.**



Flügger litir Dalshrauni 13, Hafnarfirði  
Opíð laugardaga 10-15

**Flügger litir**  
flugger.is





## Varabæjar- fulltrúi hættir



Ófeigur Friðriksson varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar hefur fengið lausn frá störfum í bæjarstjórn. Var lausnarbeiðni hans tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku en í henni kom fram að beiðnin væri af persónulegum ástæðum.

Í stað hans hefur Eva Lín Vilhjálmstöðttir tekið sæti sem varabæjarfulltrúi fyrir Samfylkinguna.



Eva Lín er fædd 1995 og tók fyrst sæti í bæjarstjórn í apríl á síðasta ári og var þá tæplega 20 ára gömul og er talin vera yngst til að setjast í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

## Ásvallalaug lokuð um helgina

Ásvallalaug verður lokuð frá morgundeginum, föstudegi til og með sunnudeginum vegna Íslandsmeistarátöts í sundi.

Suðurbæjarlaug og Sundhöll verða opnar til kl. 21 á föstudagskvöld og Suðurbæjarlaug opin frá 8-18 á laugardaginn og 8-17 á sunnudaginn.

**FIJARÐAR** fréttir



Smelltu á  
LIKE

og skoðu myndir  
á Facebook síðu  
Fjardarfretta

**FRÉTTASKOT**

Sendu fréttaskot á  
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

# Dótabúðin á Bæjarhrauninu

Selja stakar skrifur og stútfulla verkfæraskápa

Verslun Sindra á Bæjarhrauni 12 er sannkölluð dótabúð að sögn Þórðar M. Kristinssonar verslunarstjóra. Verslunin þjónustar iðnaðarmenn, verkstæði og framleiðslufyrirtæki í Hafnarfirði, og nágrenni og býður upp á fjölbreytt úrval af vönduðum vörum. Boðið er upp á fjölbreytt úrval af vönduðum rafmagns-, og handverkfærum ásamt miklu úrvali af festingarvörum t.d boltum, snitteinum, skinum og fl.

DeWalt rafmagnsverkfærin eru áberandi í versluninni, ekki aðeins fyrir það að vera sterkul á litinn, heldur eru þetta með vinsælustu raflöðuverkfærunum fyrir iðnaðarmenn að sögn Þórðar. eru orðin fá tæki sem ekki er hægt að fá raflöðuknúin og nefnir Þórður, borðsagur og slípirokka sem dæmi.



Þórður M. Kristinsson verslunarstjóri hjá Sindra á Bæjarhrauninu

Sindri býður mjög gott úrval af handverkfærum, lykklum og lykklasettum frá

Toptul. Segir Þórður þessi verkfæri hafa notið gífurlegra vinsælda hér á landi enda mjög góð verkfæri á sérstaklega góðu verði. Er hægt að fá allt frá skrifbitum upp í stóra skúffuskápa, fulla af verkfærum.

Þá býður Sindri vörur frá fleiri framleiðendum, t.d. gott úrval af borum frá Labor. Stór hluti af vöruúrvalinu sést hins vegar ekki frammi í búð en Sindri býður upp á gríðarlegt úrval af skrifum og öðrum festingarvörum sem Þórður segir bæði seldar í stykkjatali og í brettavis.

Sjá nánar á [www.sindri.is](http://www.sindri.is)



## Biðu í aldarfjórðung eftir gangstétt við gangbraut

Lokst brugðist við ábendingum íbúa

Á Holtabergi er myndarleg gangstétt upp alla götuna og þar sem hún tengist Klukkubergi er gangbraut yfir götuna. Reyndar hafði gleymst að tengja gangbrautina við gangstéttina í Holtabergi og var því yfir kant og grasflöt að fara. Sérstaklega var þetta bagalegt á vetrum því auðvitað var grasið ekki rutt og háir hraukar að fara yfir.

Mörg ár eru síðan íbúar gerðu athugasemdir við þetta og það var ekki fyrr en nú, um aldarfjórðungi frá því gatan var lögð að þetta fékkst lagfært



Hár kantsteinn hafði verið til trafala fyrir marga og fólk á hjólastólum gat ekki farið þarna um.

og ætti þetta að kæta íbúana sem þarna fara um.

Tók aðgerðin ekki nema dagspart en eflaust verða kantsteinar lagfærðir þegar betur viðrar til steypuvinnu. Var verkið unnið fyrsta daginn sem snjó-korn féllu í Hafnarfirði þennan veturinn.



## Ofurtunglið kíkti niður á milli skýja

Það var ekkert risatungl sem blasti við Hafnirðingum á mánudaginn en flestum að óvörum dró ský frá tungli og það blasti við bæjarbúum í stuttan tíma.

Þó tunglið væri næst jörðu var stærðarmunurinn ekki þannig að eftir honum væri tekið. Tunglið var fallett að venju en gaf ekki mikinn tíma til myndatöku og hvarf á bak við svört skýin stuttu síðar.

Var ásýndin ekkert spennandi í samanburði við tunglmyrkvann í desember 2010 þegar myndin hér að neðan var tekin. En kannski hafa íbúar Austurlands fengið heiðari himin til að líta tuglið augum.



Lýsm.: Guðni Erlausen



# Jólahlaðborð Fjörúkráarinnar

Hefst 18. nóvember og stendur til 17. desember

Nú er komið að okkar árlega jólahlaðborði sem verður með þjóðlegu sniði.

Söngvararnir okkar ganga á milli borða og syngja jólalög.

Að borðhaldi loknu tekur Einar Ágúst við og spilar frameftir kvöldi.



Kr. 8.900

**Jólapakki**

Gisting og jólahlaðborð

Tveggja manna herbergi 14.600 kr á mann  
Ath. morgunmaturlinn innifalinn í verði



Gerum tilboð í stóra sem smá hópa

www.fjorukrain.is - Pantanir: mottaka@fjorukrain.is



Fylgstu með okkur á Facebook Viking Village - Fjörúkráin og Hótel Víking



## SMÁUGLÝSINGAR

## Þjónusta

## Tölvuaðstoð og viðgerðir

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun. Apple\* & Windows. Kem í heimahús. Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

**Bílaþrif. Kem og sæki.** Tjörhreinsun og bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.** Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

## smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is  
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.  
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is)



Ljóm.: Guðni Gíslason

## Á DÖFINNI

Upplstur í  
Bókasafninu

Kynstrin öll er jóladagskrá Bókasafns Hafnarfjarðar og á þriðjudaginn kl. 17 verður upplstur fyrir yngri börnin. Þá lesa Ósk Ólafsdóttir úr bókinni Búðarferðin og Jóna Valborg Árnadóttir úr Hetjubókinni.

Fimmtudaginn 24. nóv. kl. 20 verður upplestrarkvöld þar sem Stefán Máni les úr Svarta galdri, Gerður Kristný les úr Hestvík, Andri Snær Magnason les úr Sofðu ástin mín og Vigdís Grímsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir lesa úr Elsku Drauma mín.

## Hafnarborg

Í Sverrissal er sýningin Vor með portretum Birgis Snæbjörns Bigissonar af þingmönnum. Í aðalsal safnsins er sýningin „Bygging sem vera og borgin sem svið“ þar sem Egill Snæbjörnsson er með innsetningu.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



Ljóm.: Guðni Gíslason

## Garðvinna og grænt gras

Grænt gras og garðvinna á fyrsta hvíta degi vetrarins

VHE er nú að ljúka við frágang á tveimur fjölbýlishúsum á Norðurbakk-anum en íbúðirnar hafa allar verið seldar og fjölmargir hafa þegar flutt inn. Vandað er til bygginganna og margt



Ljóm.: Guðni Gíslason

gert til að gera þær sem glæsilegastar en athygli hefur vakið klæðning húsananna og frágangur á hæðarmörkum þar sem notast er við kortenstál, ryðgaðar bogadregnar stálpötur sem eru í skemmtulegum andstæðum við grænt grasið.

Gömlu húsin við Vesturgötuna mynda mikla andstæðu við nýju húsin.

Þeir sem komið hafa til Álaborgar hafa eflaust séð álíka frágang en klæðninguna er m.a. að finna á hinum þekktu húsum Larsen Waterfront á hafnarsvæðinu í Álaborg.

# hafnafirski fréttavefurinn

# www.fjardarfrettir.is

Sendu inn fréttaskot á: [fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)

Skoðuðu nýjustu fréttirnar - ljósmynd dagsins eða leitaðu í fréttasafninu



# Grunnskólakennarar afhentu bæjarstjóra mótmæli

Mættu á kynningarfund um fjárhagsáætlun og mótmæltu



Ljóm.: Guðni Gíslason

Kennarar fjölmentu í Bæjarbíó og eflaust hefur áhugi á fjárhagsáætlun sjaldan verið meiri.

Um 120 manns mættu á kynningarfund á fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar sem nú er til umræðu í bæjarstjórn. Stærstur hlutinn voru óánægðir kennarar sem eru orðnir langþreyttir á því að ekki sé við þá samið en þeir hafa tvífelld samninga sem gerðir hafa verið.

Fulltrúar kennaranna stigu fram og mótmæltu stöðunni með yfirlýsingu sem þeir lásu upp og afhentu síðan bæjarstjóra undirskriftir um 3.200 kennara þar sem ástandinu er mótmælt.

## YFIRLÝSING KENRARANNA

„Við grunnskólakennarar á Íslandi krefjumst þess að sveitarfélögin á landinu bregðist án tafar við því alvarlega ástandi sem skapast hefur í skólakerfinu vegna hættulegra og rangra áherslna í kjarastefnu sveitarfélaganna gagnvart grunnskólakennurum. Laun kennaranna eru of lág og valda því og með öðru að grunnskólastarfið er ekki lengur sjálfbært.

Þeir kennarar sem nú starfa í grunnskólunum njóta mun verri kjara en samanburðarhópar og í raun lakari kjara en almennt tíðkast í landinu.

Nú eru samningar okkar lausir og hafa verið lengi. Mánuðum saman hafa sveitarfélögin haft tíma og tækifæri til að bregðast við bráðum vanda. Ekkert bolar á viðbrögðum og samninganefnd sveitarfélaganna virðist enn ekki hafa umboð til neins nema að endurtaka leikinn frá í sumar og bjóða fram óboðleg kjör.

Margir fulltrúar sveitarfélaganna hafa gengið við því á undanföllum árum að laun kennara séu of lág. Hin lágu laun hafa verið réttlætt með því að sveitarfélögin hafi ekki efni á betri kjörum. Með því er í raun verið að segja að sveitarfélögin séu ófær um að veita þá grunnþjónustu sem þau hafa tekið að sér fyrir íbúa þeirra. Slíkt gengur



Ljóm.: Guðni Gíslason

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri.



Ljóm.: Guðni Gíslason

## ÍÞRÓTTIR

### Handbolti:

17. nóv. kl. 19.30, Kaplakriki

FH - Gróttá, úrvalsdeild karla

17. nóv. kl. 19.30, Ásvellir

Haukar - Selfoss, úrvalsdeild karla

19. nóv. kl. 17.30, Salerno, Ítalíu

Haukar - Jomi, Evrópukeppni kvenna

20. nóv. kl. 16.30, Salerno, Ítalíu

Jomi - Haukar, Evrópukeppni kvenna

20. nóv. kl. 16, Akureyri

KA/Þór - FH, I. deild kvenna

23. nóv. kl. 17.30, Ásvellir

Haukar - Valur, úrvalsdeild karla

### ÚRSLIT KVENNA:

Fram - Haukar:

Haukar - Fylkir: 25-20

FH - ÍR: 19-20

FH - Gróttá: 17-26

ÍR - Haukar: 20-33

### ÚRSLIT KARLA:

Stjarnan - FH: 17-16

Afturelding - Haukar: 17-35

Valur - FH: 30-29

Haukar - ÍBV: 32-24

### Körfubolti:

#### ÚRSLIT KVENNA:

Valur - Haukar: 74-72

Haukar - Grindavík: 65-58

#### ÚRSLIT KARLA:

Njarðvík - Haukar: (miðvikudag)

Haukar - ÍR: 93-82

hættu. Nýir kennarar fást ekki til starfa, eldri kennarar heltast úr lestinni eða hverfa til annarra starfa. Og þeir sem eftir standa munu ekki anna öllum þeim brýnu verkefnum sem fylgja grunnskólastarfinu í landinu.



Ljóm.: Guðni Gíslason

Fulltrúar kennaranna flytja bæjarstjóra mótmæli sín.

audvitað ekki til lengdar. Við aðstæður sem þessar mun grunnþjónustan bíða skaða af eða eyðileggjast með öllu. Árum saman hafa kennara þurft að bæta fyrir getuleysi sveitarfélaganna við að reka grunnskólana með ásættanlegum hætti.

Nú er hins vegar orðið ljóst að stór hætta er á að skólakerfið lendi í stór-

Kennarar hafa því aðeins tvo kosti. Að yfirgefa skólana og afhjúpa þannig endanlega þá skammsýni og hyskni sem einkennir störf sveitarfélaganna á þessu sviði eða stíga fram, draga sveitarfélögin til ábyrgðar fyrir stöðuna sem upp er komin og krefjast viðbragða.“



# ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



## ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði  
sími 578 0200

## Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.  
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR  
hhus@hhus.is | stofnað 1990

## Burger\*inn



Sími: 555 7030  
www.burgerinn.is

## Haukar keppa í Evrópu-keppni

Kvennalið Hauka keppir í fyrsta sinn í áratug

Kvennalið Hauka í handknattleik mætir ítalska liðinu Jomi frá Salerno í 3. umferð Evrópukeppni kvenna, Challenge Cup. Leika liðin báða leikina í Salerno á laugardag og sunnudag, en Salerno er um 7 km suðaustur af toppi eldfjallsins Vesúvius.



Þetta er í fyrsta sinn í áratug sem Haukar senda kvennalið til Evrópukeppni en síðast keppti liðið við Cornexi Alcoa-HSB Holding (Nú Alcoa FKC) frá Ungverjalandi og tapaði heimaliknum 26-31 en gerði jafntefli í síðari leiknum 22-22. Þá komust andstæðingar Hauka í átta liða úrslit.

Haukar eru nú í 3. sæti í úrvalsdeildinni með 12 stig eftir 10 leiki, 7 stigum á eftir Fram eftir nauman ósigur gegn þeim á þriðjudag.

# Fyrstu alvöru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Tónlistarkóla Hafnarfjarðar

Ný sinfóníuhljómsveit lék fyrir fjölskyldumeðlimi á þriðjudag í Hásölum



Ármann Helgason stjórnandi sinfóníuhljómsveitinni sem lék á alls oddi.

Nýstofnuð Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hélt sína fyrstu sjálfstæðu tónleika í Hásölum, tónleikasál skólans síðastliðinn þriðjudag. Í hljómsveitinni eru 30 meðlimir þar sem hver og einn gegnir mikilvægu hlutverki í að skapa stórann og litríkan sinfónískan

hljóm en stjórnandi hljómsveitarinnar er Ármann Helgason og er Laufey Ólafsdóttir honum til aðstoðar. Ekki var ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur á þessum tónleikum heldur voru leikinn mjög krefjandi og mikilfengleg sinfónísk verk sem hljómsveitin skilaði af glæsibrag í góðu

samspli og snerpu. Verkin á efnisskrá þessara hausttónleika voru Habanera úr Carmen eftir Georges Bizet, Mars úr Plánetunum eftir Gustav Holst, Nótt á Nornagnípu eftir Modest Mursorsksky og hinn þekkti Mambó úr West side story eftir Leonard Bernstein. Hljómsveitin var klöppuð upp í lokin eftir gáskafullan og eldfjörugan leik í Mambó.

Það er ljóst eftir þessa tónleika að nýstofnuð Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar er stolt skólans og Hafnarfjarðar og eru allir vegir færir. Næst á dagsskrá hljómsveitarinnar er m.a. að frumflytja íslenskt verk útsett sérstaklega fyrir hópinn og síðan er áætlað að fara í tónleikaferð til vinabæjar Hafnarfjarðar Cuxhaven í vor og leika með Sinfónískri nemendahljómsveit Cuxhaven. Það eru því mörg og spennandi verkefni framundan hjá þessum glæsilega hópi.



Ljóm: Guðni Gíslason

# www.fjardarfrettir.is

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

hafnirski fréttavefurinn